

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Sagan
um
Rut



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlagað af: Lyn Doerksen
Alastair P.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.



Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Ef þér gæfist tækifæri til að hitta langömmu þína og langafa, foreldra þeirra, og alla ættingjana sem á undan þeim komu, þú yrðir væntanlega hissa hvert fólk það var. Í Biblíunni segir frá móabískri stúlku er dýrkaði falsguði, sem síðar varð ættmóðir Jesú.



Saga Rutar byrjar í Ísrael eftir tíð Samsonar. Fólkið í Ísrael hafði hætt að treysta og hlýðnast Guði. Hræðileg hungursneyð reið yfir landið. Veistu hvað hungursneyð er? Það er þegar öll uppskera brestur. Þegar nautgripir og allur búpeningur, og meira að segja stundum fólk, deyja af hungri.




Maður nokkur, Elímelek að nafni, yfirgaf Betlehem ásamt konu sinni Naomí og tveimur sonum. Þau fóru til Móab, þar sem fólk ið dýrkaði falsguði.



Lífið í
Móab

reyndist fjölskyldunni erfitt. Elímelek dó,
og var Naomí nú ein með sonum sínum og konum
þeirra,



Rut og Orpu, sem báðar voru af Móabískum ættum.
Nokkrum árum síðar dóu báðir synirnir.



Naómí, sem nú var orðin ekkja, heyrði að Drottinn hafði blessað fólkið sitt, og satt hungur þess. Hún ákvað að snúa aftur heim. En hvað með tengdadæturnar tvær? Naomí ráðlagði þeim að vera um kyrrt í Móab, og giftast aftur.



Orpa tók ráðum hennar og snéri aftur til fjölskyldu sinnar, en Rut þverneitaði. Rut var ákeðin, og sannfærði tengdamömmu sína um að hún mundi aldrei yfirgefa hana.




Vinir Naomí glöddust við er hún kom aftur heim til Betlehem. Hún bað fólkið að kalla sig ekki lengur



Naomí, heldur Mara "Því að hinn Almáttugi hefur verið mér beiskur," sagði hún.


Að Rut undanskilinni, hafði Naomí snúið heim tómhent.






Þó að Rut hafði fyrrum dýrkað
falsguði eins og flestir í Móab,
hafði hún hætt því og tekið trú á
hinn sanna, lifandi Guð Ísraels.
Rut var dugleg og sá til þess að
Naomí liði engan skort. Hvern
dag fór hún út á akurinn og týndi
upp kornafganga á eftir
kornskurðarmönnum.





Bóas, eigandi kornakursins, hafði heyrt hversu vel Rut hafði reynst tengdamóður sinni. Eftir að þau hittust, skipaði Bóas kornskurðarmönnum sínum að auðvelda henni korntínsluna. Bóas fylltist áhuga fyrir Rut.





Þegar Rut sagði
Naomí frá góðsemi
Bóasar, þá lofaði hún
Guð fyrir. "Þessi
maður er frændi
okkar, einn af
okkar nánustu
ættingjum."





Er tíminn leið, kom að því að Bóas vildi giftast Rut og sjá fyrir Naomí og landi því er tilheyrði fjölskyldu hennar. Annar ættingi sem hafði forrétt, vildi eignast landið, en vildi ekki kvænast Rut. Samkvæmt lögum varð hann að taka hvorttveggja eða hvorugt.



Í þá daga voru samningar ekki gerðir með handtaki, heldur með því að rétta hinum aðilanum annan skó sinn. Þetta gerði Bóas, og var málið þar með útrætt. Bóas giftist nú Rut, og varð Naomí þá tengdamamma á ný.






Fyrsta barn þeirra
Bóasar og Rutar var
sonur, er þau skírðu
Óbeð. Hann varð síðar
afi Davíðs, hins mikla
konungs Ísraels.



En það sem skiptir ennþá meira máli er að Óbeð varð ættfaðir Drottins Jesú Krists. Og þar með varð Jesús, konungur konunga, og frelsari alls mannkynsins, kominn af ætt Davíðs konungs.



Sagan um Rut

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Rutarbók

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





Endir

16



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

